



Grænni skógar I á Suður- og Vesturlandi.

Yfirlit yfir námskeiðaröðina 2018 – 2020

Námskeið nr. 1 *Vorönn 2018*

- ***Skógur og vistkerfi***

Greint verður frá sögu og stöðu skógræktar á Ísland og sérstöðu hennar. Jafnframt verður farið í helstu þætti sem ráða vexti og viðgangi skóga, eiginleika skógvistkerfa og möguleika í skógrækt hérlendis.

Námskeið nr. 2 *Vorönn 2018*

- ***Undirbúningur lands til skógræktar***

Fjallað verður um mismunandi landgerðir, helstu eiginleika þeirra og undirbúning skógræktar eftir aðstæðum. Kynntir verða mismunandi þættir í undirbúningi lands fyrir skógrækt, s.s. uppgræðsla, áburðargjöf, jarðvinnsla og slóðagerð.

Námskeið nr. 3 *Haustönn 2018*

- ***Val á trjátegundum***

Fjallað verður um ættkvíslir, trjátegundir og hugtök þeim tengd. Gefið verður yfirlit yfir útbreiðslu náttúrulegra skóga og söfnunarferðir íslenskra skógræktaráhugamanna. Gerð verður grein fyrir reynslu af ræktun ýmissa tegunda víða um land og niðurstöðum tegunda-, kvæma- og klónatilrauna. Farið verður yfir notagildi og vaxtarkröfur hvernar tegundar fyrir sig.

Námskeið nr. 4 *Haustönn 2018*

- ***Skógarhönnun og landnýtingaráætlanir***

Farið verður í heildarskipulagningu bújarða þar sem skóg- og skjólbeltarækt er hluti af landnýtingunni. Skoðaðir verða þættir eins og landlæsi, skógræktarskilyrði, umhverfisvernd, landslagsmótun með skógi og val á tegundum miðað við aðstæður og markmið með skógræktinni

Námskeið nr. 5 **Valnámskeið** *Haustönn 2018*

- ***Girðingar***

Þátttakendur fá fræðilega og verklega þjálfun í uppsetningu rafgirðinga. Fjallað er um undirbúning framkvæmda og efni til rafgirðinga, gerðir spennugjafa, tengingar við jarðskaut, vinnu við uppsetningu og frágang. Gerð er grein fyrir kostnaðaráætlun og fjallað um val girðingarstæðis, uppsetningu hornstaura og hliða.



Námskeið nr. 6 *Vorönn 2019*

- ***Uppeldi og gróðursetning skógarplantna***

Kynntar verða helstu fjölgunaraðferðir á plöntum og farið ítarlega í gegnum ferlið við fjölgun og uppeldi skógarplantna. Einnig verður fjallað um meðhöndlun plantna, gróðursetningartíma og -aðferðir.

Námskeið nr. 7 **Valnámskeið** *Vorönn 2019*

- ***Frá örfoka landi til skógar***

Fjallað verður um sértækar aðgerðir til að koma upp skógi þar sem jarðvegsrof er mikið og skógræktarskilyrði erfið.

Námskeið nr. 8 *Haustönn 2019*

- ***Skógrækt erlendis***

Farið verður til útlanda og aðstæður skoðaðar. Auka kostnaður verður við þetta námskeið fyrir þá sem taka þátt. Ekki hægt að gefa upp kostnað vegna ferðalagsins, sem tekur ca. viku.

Námskeið nr. 9 *Haustönn 2019*

- ***Skógarnytjar***

Fjallað verður um mögulegar nytjar af skógi og náttúruupplifun honum tengdar. Farið verður í „tálgunaraðferðir“ og þátttakendur fá að reyna efniseiginleika ólíkra trjátegunda.

Námskeið nr. 10 *Vorönn 2020*

- ***Skjólbelti***

Farið verður yfir markmið og tilgang ræktunar, staðsetningu skjólbelta og skipulagningu skjólbeltakerfa. Fjallað verður um uppbyggingu skjólbelta, tegundaval og skjóláhrif. Einnig verður farið yfir val á landi, undirbúning lands, plöntuval, umhirðu og viðhald skjólbelta.



Námskeið nr. 11 *Vorönn 2020*

- ***Sjúkdómar og tjón í skógi***

Farið verður yfir sjúkdóma á trjágróðri og skemmdir af völdum skordýra, veðurfars, skógarelda og dýra. Fjallað verður um leiðir til að draga úr áföllum og minnka hættuna á skemmdum með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Námskeið nr. 12 *Vorönn 2020*

- ***Skógarumhirða***

Fjallað um umhirðu ungskóga – svo sem snyrtingu, árangursmat og íbætur, tvítoppaklippingu, kvistun og fyrstu grisjun. Ennfremur verða kynnt hentug tæki og notkun þeirra.

Námskeið nr. 13 **Valnámskeið** *Vorönn 2020*

- ***Ræktun jólatrjáa***

Fjallað verður um reynslu og tilraunaniðurstöður í jólatrjáaræktun hérlendis. Lýst verður hvernig ræktun er undirbúin, hvaða tegundir henta miðað við aðstæður og hvernig haga skal umhirðu til fá sem besta nýtingu.

Námskeið nr. 14 *Haustönn 2020*

- ***Verkefni***

Nemendur vinna verkefni sem þeir velja í samvinnu við leiðbeinendur. Verkefnið á að tengjast því efni sem fjallað hefur verið um á námskeiðunum eða í sambandi við skógrækt á jörð þátttakenda.

Námskeið nr. 15 *Haustönn 2020*

- ***Skógarhöggstækni***

Fjallað verður um grisjun í eldri skógarreitum. Farið verður yfir umhirðu og viðhald kjarr- og keðjusaga. Einnig verður kennt að grisja.

Námskeið nr. 16 *Haustönn 2020*

- ***Verndun fornminja og náttúru í skógrækt***

Þetta námskeið er haldið í samstarfi við Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Fjallað verðum um gildi náttúruverndar og minjaverndar almennt og samspil þessara þátta við skógrækt.



Grænni skógar I á Suðurlandi og Vesturlandi 2018 - 2020

Grænni skógar I er yfirskrift á öflugu skógræktarnámi, ætlað öllum fróðleiksfúsum skógræktendum á Suðurlandi og Vesturlandi sem vilja ná hámarksárangri í skógrækt. Námið samanstendur af 16 námskeiðum og þar af eru 13 skyldunámskeið. Fyrstu námskeiðin verða kennd á vorönn 2018 og þau síðustu haustið 2020 (að meðaltali 2,5 námskeið á önn).

Hvert námskeið stendur í tvo daga og þá yfirleitt frá kl. 16:00 til 19:00 á föstudegi og frá kl. 09:00 til 16:00 á laugardegi. Reynt verður að koma við verklegri kennslu og vettvangsferðum eins og við á hverju sinni. Í upphafi annar verða gefnar út tíma- og staðsetningar fyrir hvert námskeið ásamt upplýsingum um leiðbeinendur.

Landbúnaðarháskóli Íslands sér um skipulag námsins í samstarfi við Félög skógarbænda í viðkomandi landshluta Skógræktina og Landgræðslu ríkisins. Hámarksfjöldi á námskeiðaröðina er 30 og þeir sem ljúka 80 % af skyldunámskeiðunum 13 fá námið metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Þátttökugjald

Þátttökugjald á námskeiðaröðina er kr. 49.000 önnin (2 annir á ári).
Einhverjir endurmenntunarsjóðir stéttarfélagana hafa styrkt sýna félagsmenn.
Innifalið í þátttökugjaldi er kennsla, vettvangsferðir, fæði (kaffi og hádegismatur) og aðgangur að námsvef skólans.

Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um Grænni skóga I á Suður- og Vesturlandi fást hjá ráðgjöfum Skógræktarinnar á Suðurlandi og Vesturlandi.

Þá er einnig hægt að fá allar upplýsingar um námið hjá Björgvini Erni Eggertssyni, verkefnisstjóra Grænni skóga í síma 843-5305 eða í gegnum netfangið, bjorgvin@lbhi.is

Önnur námskeið

Á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands má finna á vefsíðu skólans, www.lbhi.is undir “Endurmenntun og námskeið” námskeið í tímaröð